

3. fundur fræðslunefndar vegna Flúðaskóla árið 2013, haldinn 29. maí 2013 í Flúðaskóla, kl. 14.40.
23. fundur kjörtímabilsins 2010 – 2014.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson sem ritaði fundargerð, Bjarney Vignisdóttir, varamaður Gunnars Jóhannessonar, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Eva Marín Hlynsdóttir, fulltrúi úr skólaráði og Ingvar Hjálmarsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Lára Bergljót Jónsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppi boðaði forföll sem og fulltrúi kennara.

Dagskrá.

- 1. Skýrsla skólastjóra.**
- 2. Skóladagatal næsta skólaárs.**
- 3. Rekstur Flúðaskóla.**
- 4. Starfsmannamál**
- 5. Talþjálfun**
- 6. Skólastefna**
- 7. Önnur mál.**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

Auk hefðbundins skólastarfs hefur ýmislegt á daga okkar drifið síðan síðasta skýrsla var birt. Hér á eftir kemur það helsta:

Þann 3. apríl kom Þorgrímur Þráinsson í heimsókn til 10. bekkinga með fyrirlesturinn "Eltu drauminn" í boði Pokasjóðs. Krakkarnir voru ánægðir með heimsóknina enda margt gagnlegt sem Þorgrímur hefur fram að færa varðandi sjálfsmynd, mikilvægi markmiðssetningar og fleira.

4. apríl hlustuðu flestir nemendur skólans á sögu sem lesin var upp í útvarpinu, í tilefni af alþjóðlegum degi barnabókarinnar, það eru IBBY samtökin á Íslandi sem færa íslenskum börnum smásögu á hverju ári í tilefni dagsins.

Vinnufundur með kennurum vegna nýrrar aðalnámskrár og stefnumótun fyrir skólann var haldinn á Seli 23. apríl. Það gaf mjög góða raun að fara í annað umhverfi og var þetta því afkastamikill vinnufundur. Haldið verður áfram með þessa vinnu nú á frágangsdögum kennara og síðan í haust.

Þann 26. apríl tóku nemendur og starfsfólk þátt í hreinsunardegi hjá sveitarfélaginu sem endaði á pylsuveislu hér fyrir utan skólann. Dagurinn heppnaðist ljómandi vel enda vel skipulagður og hollt fyrir alla að taka þátt í slíku samfélagsverkefni.

Þann 2. maí var Hanna Björg Vilhjálmisdóttir framhaldskólakennari með fyrirlestur fyrir nemendur í 8. – 10. bekk og síðan foreldra í samstarfi við Zero. Umræðuefnið var kynjafræði, staðalímyndir, klámvæðing, jafnrétti og fleira.

Fyrstu tvær vikurnar í maí var mikið um próf hjá fjarnámsnemendum innan skólans og utan. Prófin voru bæði á framhalds- og háskólastigi.

Skólastjórnendur fóru á námskeiðið „Rétt málsmeðferð öruggt skólastarf“, þann 10. maí, sem haldið var á vegum Sambandsins.

Deildarstjóri sérkennslu og sérkennari fóru á tveggja daga ráðstefnu, um miðjan maí, um einhverfu á vegum greiningarstöðvarinnar.

Sundmót var haldið á öllum stigum en um óhefðbundið sundmót er að ræða þar sem blandað er saman keppni og leik.

Skógardagar voru 23., 24. og 27. maí, þar sem 1. – 8. bekkur tók þátt og unnu margvísleg verkefni í skóginum þar sem fléttaðist saman fræðsla, líkamsrækt og stígagerð. 7. bekkingar úr Þjórsárskóla og elsti árgangur leikskólans tóku þátt í skógardögum með okkur. Auk þess fengum við heimsókn frá leikskólakennurum og grunnskólakennurum frá Selfossi sem fylgdust með allan daginn og þá kom einnig einn kennari frá Austurbæjarskóla og var með okkur í skóginum fyrir hádegi.

Við erum stolt af því hvað útikennsla í skólanum okkar vekur mikla athygli og að aðrir skólar skuli vilja taka okkur sér til fyrirmyndar í þeim efnum.

Litlu olympíuleikarnir voru haldnir föstudaginn 24. maí hjá 1. - 5. bekk og þetta er þriðja árið sem þeir eru haldnir en því miður þurftum við að flytja þá inn í íþróttahús vegna mikils vatnsveðurs. Engu að síður var þetta mjög skemmtilegur viðburður sem endranær.

Á meðan á þessu stóð voru 10. bekkingar í lokaprófum og 9. bekkingar tóku þátt í svokallaðri áskorun. Áskorun er skemmtilegt verkefni þar sem nemendur leysa margvísleg verkefni á fjölbreyttan hátt, þetta taka þau upp á myndband sem þau sýna svo öðrum nemendum í skólanum.

10. bekkingar fóru í einnar nætur skemmtiferð þegar þau höfðu lokið við síðasta prófið á mánudaginn. Aðrir nemendur fóru í styttri dagsferðir þriðjudaginn 28. maí.

Skólastjórnendur þáðu boð á vinnustofuna „Leiðtogi í heimabyggð“ sem er samstarfsverkefni Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Skólastjórafélags Íslands og Félag stjórnenda í leikskólum vegna innleiðingar á nýrri aðalnámskrá leik- og grunnskóla frá 2011. Um er að ræða tveggja daga vinnustofu og var fyrri dagurinn 28. maí og seinni dagurinn er í haust.

Miðvikudaginn 29. maí er vorhátíð sem hefst á bíósýningu í Félagsheimilinu og síðan er nemendum skipt í hópa eftir stjórnúmerkjum. Hóparnir leysa ýmsar þrautir og síðan endar dagurinn á því að allir fá grillaða hamborgara og djús.

Mánudaginn 3. júní verða síðan skólaslit kl 14:00 í Félagsheimilinu.

2. Skóladagatal næsta skólaárs.

Skólastjóri fór yfir skóladagatal næsta skólaárs, 2013-2014. Nokkrar umræður urðu um samræmingu milli nágrannaskóla varðandi vetrarfríin. Fræðslunefnd samþykkir dagatalið.

3. Rekstur Flúðaskóla.

Skólastjóri fór yfir helstu tölur í rekstri skólans það sem af er ári. Reksturinn er á áætlun.

4. Starfsmannamál.

Skólastjóri fór yfir helstu breytingar í starfsmannahaldi skólans. Komnar eru 8 umsóknir um kennarastöður, þar af eru 4 umsækjenda með kennaramenntun. Verið er að vinna í umsóknum og hugsanlega verður auglýst aftur.

5. Talþjálfun.

Kolbrún Haraldsdóttir, deildarstjóri sérkennslu kom inn á fundinn og fór yfir stöðu málsins. Haft hefur verið samband við talmeinafræðing og hefur verið falast eftir því að hún taki að sér þjálfun barna í leikskólanum og grunnskólanum. Kolbrún fór einnig yfir helstu tölfræði um málþroskaröskun meðal nemenda skólans og leikskólans. Ætlunin er að verkefnið verði til 1 árs til að byrja með. Fræðslunefnd mælir með ráðningu talmeinafræðings í 20% stöðu og sem starfa mun í leik- og grunnskóla.

6. Skólastefna.

Formaður fór yfir málið og er staðan óbreytt. Stefnt er að því að klára vinnuna fyrir vorið eða í allra síðasta lagi fyrir skólabyrjun. Samþykkt að Helgi og Eva Marín gangi frá texta skjalsins á næstu dögum og síðan yrði það lagt fyrir kennara skólana til yfirlustrar. Fræðslunefnd tekur síðan skjalið fyrir á næsta fundi.

7. Önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 15.35.